

Vésteinn Ólason

## FERILSKRÁ

F. Höfn í Hornafirði 14. 2. 1939. Foreldrar Óli Kr. Guðbrandsson skólastjóri og Aðalbjörg Guðmundsdóttir húsmóðir. Eiginkona 1960 Unnur Alexandra Jónsdóttir, f. í Vestmannaeyjum 5. 4. 1939. Börn: Þóra f. 1970 og Ari f. 1972.

### *Menntun:*

1959: Stúdentspróf máladeild Menntaskólans að Laugarvatni.

1968: Mag. art. íslensk fræði Háskóla Íslands.

1983: Dr. phil. Háskóla Íslands.

### *Störf:*

1960–61: Kennari við Gagnfræðaskólann Vestmannaeyjum.

1964–65 og 1967–68: Stundakennari við Menntaskólann í Reykjavík.

1964–65 og 1967–68: Styrkþegi við Handritastofnun Íslands.

1968 vormisseri: Stundakennari við Háskóla Íslands.

1968–72 Lektor í nútímaíslensku, Københavns universitet.

1972–78: Lektor í almennri bókmenntasögu og bókmenntafræði, H.Í.

1978–80: Dósent í almennri bókmenntafræði, H.Í.

1980–1985: Dósent í íslenskum bókmenntum, H.Í.

1985–1991: Prófessor í íslensku máli og bókmenntum, Universitetet i Oslo.

1988–1989: Gistiprófessor, Univeristy of California, Berkeley.

1991–2009: Prófessor í íslenskum bókmenntum, H.Í.

1999–2006: Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.

2006–2009: Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

2017, vormisseri: Gistiprófessor, University of New Mexico, Albuquerque.

### *Helstu stjórnunarstörf auk setu í ýmsum nefndum og stjórnnum:*

1984–85 og 1992–93: Forstöðumaður Bókmenntafræðistofnunar H.Í.

1993–95: Forseti heimspekideildar Háskóla Íslands.

1994–2000: Fulltrúi í Rannsóknarráði Íslands.

1994–2002: Fulltrúi í stjórn Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns.

2010–2014: Formaður stjórnar Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns.

### *Aðild að vísindafélögum:*

1983: Vísindafélag Íslendinga.

1994: Det Norske-Videnskabsakademi, Oslo.

1999: Kgl. Gustaf Adolfs Akademien, Uppsala.

2000: Det Kongelige Norske Videnskabers Selskab, Trondheim.

2005: Society of Antiquaries, London.

### *Viðurkenningar fyrir fræðistörf*

1993: Íslensku bókmenntaverðlaunin [ásamt meðhöf.] fyrir Íslenska bókmenntasögu I.

1990 og 2014: Verðlaun úr sjóði Dag Strömbäck fyrir rannsóknir á sviði norræna fræða, Gustav Adolfs Akademien.

2010: Gad Rausing verðlaunin fyrir framúskarandi rannsóknir á sviði hugvísinda. Kgl. Vitterhets- Historie- och Antikvitetsakademien, Stockholm.

*Helstu rit og útgáfur:*

1979 *Sagnadansar* [útgáfa með inngangi og skýringum]. Reykjavík.

1982 *The Traditional Ballads of Iceland. Historical Studies*. Reykjavík.

1992–93 *Íslensk bókmenntasaga I–II* [frá upphafi til um 1700, ritstjóri og meðhöfundur]. Reykjavík.

1998 *Samræður við söguöld. Frásagnarlist Íslendingasagna og fortíðarmynd*. Reykjavík. [á ensku 1998 og þýsku 2011].

2014 *Eddukvæði I–II*. Reykjavík. [Útg. ásamt Jónasi Kristjánssyni]